

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 15. febrúar 1976. Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum, 4. gr. laga nr. 106/1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar,

2. gr. laga nr. 55/1975 um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa,

1. tl. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

16. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

c.-liður 1. gr. laga nr. 55/1973 um Fiskveiðasjóð Íslands,

Lög nr. 99/1975 um Fiskveiðasjóð Íslands,

2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða,

2. tl. 2. gr. laga nr. 89/1947 um Fiskimálasjóð,

Lög nr. 40/1966 um síldargjald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og til 15. febrúar 1976, skal í stað orðsins „1%“ í 18. gr. laganna koma orðið: 1.5%.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu ákvæði l. nr. 19 1973 um útflutningsgjald á lagmeti og söltuð grásleppuhrogn halda gildi sínu, sbr. 3. másl. 1. gr. l. nr. 69 1974, um breyting á l. nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisíðnaðarins.

Gjört í Reykjavík 13. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

13. febrúar 1976.

Nr. 6.

L Ö G

um gjald af gas- og brennsluólum.

1. gr.

Greiða skal gjald af gasolíu, tnr. 27.10.40, og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skál gjald þetta nema kr. 1.33 af hverju kg.

2. gr.

Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal einnig innheimt af þar greindum olíum sem í birgðum eru í landinu við gildistöku laga þessara hjá innflytjendum og öðrum söluaðilum.

Gjört að Bessastöðum 13. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.